

Ed.

708. Nefndarálit

[201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nauðsyn þess að hefjast þegar handa um virkjunarframkvæmdir fyrir Suðvesturland er tvímælalaus, enda vandræði yfirvofandi ella vegna orkuskortis. Við erum samþykkir þeirri ákvörðun um virkjun, sem fram kemur í frv., en teljum, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á ýmsum ákvæðum frv. Um það náðist ekki samkomulag við meiri hlutann í fjárhagsnefnd. Flytjum við því brtt. á sérstöku þskj., og miða þær að því að styrkja þá stefnu, að Landsvirkjunin nái sem fyrst til landsins alls og jafni aðstöðu í þessum efnum. — Nánar verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Alþingi, 7. maí 1965.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.